



Samantekt skv. 2. gr. samnings milli Sambands Íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 2018

Fyrsta skýrsla – yfirlit yfir árið 2019

Inngangur

Þann 29. júní 2018 var undirritaður samstarfssamningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Samningurinn fól í sér endurskoðun á samningi frá 27. nóvember 2015. Í 4. gr. samningsins segir að árlega skuli sambandið skila yfirliti til ráðuneytisins um stöðu helstu verkefna og áherslur fyrir komandi ár. Yfirlitið skal innihalda greinargerð um það hvernig sambandið framkvæmdi þau verkefni sem tilgreind eru í 2. gr.

Skýrslu vegna liðins árs skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Vegna mikils annríkis í upphafi þessa árs var óskað eftir því að frestur yrði veittur til 5. febrúar og féllst ráðuneytið á þá beiðni.

Undir 2. gr. samningsins falla eftirfarandi verkefni:

1. Ráðgjöf til sveitarfélaga um svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Stefnt verði að því að öll sveitarfélög verði komin með uppfærða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og rammtilskipun um úrgang, í lok árs 2019.
2. Almenn vöktun og miðlun upplýsinga um þróun stefnumótunar ESB og löggjafar um umhverfismál og möguleg áhrif á íslensk sveitarfélög.
3. Vöktun og miðlun upplýsinga um þróun úrgangsmála í Evrópu og möguleg áhrif stefnu og löggjafar ESB á íslensk sveitarfélög.
4. Ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir í loftslagsmálum, með hliðsjón af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
5. Miðlun upplýsinga til íslenskra sveitarfélaga um aukna sjálfbærni.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir því hvernig unnið var að þessum verkefnum á árinu 2019 og einnig rakið hvaða málefni eru efst á baugi fyrir árið 2020 eftir því sem við á. Vert er þó í upphafi að geta þess að Lúðvík Gústafsson lét af störfum hjá sambandinu í lok árs 2018. Við starfi hans tók Eygerður Margrétardóttir og hóf hún störf 1. apríl 2019. Þrátt fyrir að ekki hafi verið verkefnisstjóri um úrgangsmál og umhverfismál hjá sambandinu á fyrsta ársfjórðungi ársins er óhætt

að segja að góður gangur hafi verið í starfsemi sambandsins á þessu sviði eins og þessi samantekt ber með sér.

1. Úrgangsmál

Verkefnisstjórn sveitarfélaga um úrgangsmál fundaði fjórum sinnum á árinu. Í verkefnisstjórn áttu sæti í lok árs 2019: Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., formaður, Freyr Ævarsson, Fljótsdalshéraði, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Reykjavíkurborg, Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands, Ína Björk Ársælsdóttir, umhverfisfulltrúi Húnaþings vestra og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri Kólku á Suðurnesjum.

Úrgangsmál voru umfangsmikill þáttur í starfsemi sambandsins á árinu. Drög að stefnu í úrgangsmálum bárust til umsagnar í júlí og veitti sambandið ítarlega umsögn um málið í byrjun september. Stefnan var enn í vinnslu í lok árs en á haustmánuðum átti sambandið fundi um málið með Umhverfisstofnun og ráðuneytinu, þar sem m.a. var lögð áhersla á að í stefnudrögin vanti umfjöllun um uppbyggingu innviða til að tryggja lögmæta meðhöndlun úrgangs.

Úrgangsmál voru eitt heitasta umfjöllunarefnið á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í byrjun október. Þar var m.a. rætt um útflutning úrgangs til brennslu, ásamt því að líflæg umræða spannst um drög að stefnu í málaflokknum og frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um urðunarskatt. Vegna kröftugrar mótspyrnu sveitarfélaga varð niðurstaða Alþingis að leggja þau áform til hliðar að sinni.



Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri sambandsins héldu kynningu um Hringrásarhagkerfi ESB á stefnumótunarfundi SORPU bs. í maí og tóku einnig þátt í samráðsfundi sveitarfélaga um stöðu svæðisáætlunar í úrgangsmálum fyrir SV-land. Þá var verkefnisstjóri sambandsins með kynningu á haustráðstefnu FENÚR í október og fjallaði um helstu áskoranir sveitarfélaga hvað varðar notkun og meðhöndlun á plasti. Einnig tók verkefnisstjórinn þátt í vinnu starfshóps um aðgerðir gegn matarsóun sem er enn að störfum og vann m.a. tillögur að aðgerðum til að hámarka matarnýtingu og samantekt á því sem hefur verið gert á Íslandi til að draga úr matarsóun sem hópurinn mun vinna úr í framhaldinu.

Í lok ársins bárust sambandinu frá umhverfisráðuneytinu drög að frumvörpum um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs (hringrásarhagkerfi og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur). Funduðu fulltrúar sambandsins með umhverfis- og auðlindaráðherra og sérfræðingum ráðuneytisins áður en frumvörpin voru birt í samráðsgátt stjórnvalda. Sambandið hefur allmargar athugasemdir við bæði frumvörpin og er vísað um þær til umsagna sambandsins sem sendar voru í byrjun janúar 2020.

Sambandið er þátttakandi í erlendu samstarfi á vettvangi CEMR og Municipal Waste Europe og sótti sérfræðingur sambandsins tvo fundi á árinu.

Sambandið kom að undirbúningi upplýsingafundar Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun aflagðra urðunarstaða í september. Starfsleyfishafar slíkra staða sem eru í öllum tilfellum sveitarfélög voru boðaðir á fundinn þar sem farið var yfir lokunaráætlanir og fyrirmæli um frágang og vöktun, kröfur um vöktunarmælingar á urðunarstöðum og leiðbeint um framkvæmd vöktunarmælinga.

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðurlandi og sambandið funduðu í ágúst um þá stöðu sem upp er komin í úrgangsmálum á Suðurlandi. Meðal annars voru ræddar forsendur þess að sveitarfélögin á svæðinu hafa farið þá leið að senda úrgang erlendis til brennslu.

Í desember fundaði verkefnisstjóri sambandsins með aðila sem vinnur að gerð umhverfisstefnu fyrir Suðurland. Meðferð úrgangs á svæðinu var aðal umræðuefni fundarins, sér í lagi aðgangur að magnupplýsingum og annarri tölfraði í úrgangsmálum.



Sambandið hefur verið í samtali við FENÚR, Fagrað um endurvinnslu og úrgang, og umhverfis- og auðlindaráðuneytið vegna samræmdra merkinga úrgangstegunda. Ráðuneytið hefur hug á að Ísland verði aðili að norrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um samræmdar merkingar, fulltrúar frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku koma einnig að verkefninu. Verkefnisstjóri sambandsins, sem jafnframt situr í stjórn FENÚR, mun koma að verkefninu.

Bæði lögfræðingur og verkefnisstjóri hjá sambandinu sitja í stjórn Úrvinnslusjóðs fyrir hönd sveitarfélaganna.

2. Áherslur ESB

Eitt af forgangsmálum framkvæmdastjórnar ESB er stefnumótun í loftslagsmálum vegna skuldbindinga ESB í tengslum við Parísarsamkomulagið. Mun þetta fyrst og fremst hafa áhrif á Orkupakka ESB, Loftslagspakka ESB og stefnumótun varðandi umhverfisvænar samgöngur. Fulltrúi sambandsins í Brussel fylgist eftir föngum með þróun þessara mála og tekur þátt í samstarfi evrópskra sveitarfélaga og héraða á vettvangi CEMR.

Framkvæmdastjórn ESB sendi frá sér 12. desember 2019 umræðuskjal um fyrirhugað samráð og



tímaáætlun fyrir **European Green Deal**¹, hinn Græna evrópska samning. Þar verður að finna stefnu um hvernig eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í ESB um 55% fyrir árið 2030 miðað við árið 1990 og gera Evrópu að fyrstu loftslagshlutlausu heimsálfunni fyrir árið 2050. Taka á fyrir eftirfarandi stefnumál til að ná því markmiði:

- Hrein orka: Tækifæri til annarra, hreinna orkugjafa og betri orkunýtni
- Sjálfbær framleiðsla og iðnaður: Leiðir til að tryggja sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðsluferla í anda hringrásarhagkerfis
- Bygging og endurnýjun: Þörfin fyrir vistvænni byggingargeira
- Sjálfbær hreyfanleiki: Að stuðla að sjálfbærari samgöngum
- Líffræðilegur fjölbreytileiki: Aðgerðir til að vernda brothætt lífríki
- Frá býli til gaffals: Leiðir til að tryggja sjálfbærara fæðukerfi
- Útrýming mengunar: Aðgerðir til að draga hratt og vel úr mengun
- Fjármögnun réttláttra umskipta samfélaga

Breytingar á regluverki eru lykilþáttur í innleiðingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á Græna samningnum. Mikilvægt er að samræmi verði á milli hans og annarrar stefnumótunar ESB og mikilvægt er að ríki einbeiti sér að því að framfylgja gildandi löggjöf og bæta framkvæmd þeirra áður en innleiðing nýrrar stefnumótunar tekur við með tilheyrandi umfangi fyrir sveitarfélög og önnur svæðisbundin stjórnvöld.

Samningurinn mun hafa mikil áhrif á sveitarstjórnir og svæðisstjórnir þar sem hún tekur til margra málaflokka sem svæðisbundin stjórnvöld fara með að stórum hluta eða að öllu leiti. Má þar nefna ákvarðanir sem snúa að hreinni og öruggri orku, innleiðing hringrásarhagkerfis, vistvænni samgöngur, bætt loftgæði, betri stjórnun vatnsauðlinda og vernd líffræðilegs fjölbreytileika. Innleiðingu samningsins fylgir fjárhagslegan stuðningur. Samfélög sem losa lítið af gróðurhúsalofttegundum og eiga eftir að taka breytingum í efnahagslífi fá sérstakan stuðning í gegnum fyrirhugaða fjármögnun réttláttra umskipta samfélaga.

Græni samningurinn er gagnlegt tæki til að koma saman ólíkum hagsmunaaðilum sem munu láta

1. https://ec.europa.eu/info/sites/info/files/european-green-deal-communication_en.pdf



umskiptin í átt að hringlaga hagkerfi verða að veruleika. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki við að ná markmiðum um skilvirka meðhöndlun úrgangs og þróun hringlaga hagkerfis. Loftslags- og umhverfismarkmið ESB kalla einnig á þróun í átt að á hringrásarhagkerfinu. Framkvæmdastjórnin mun leggja til ráðstafanir til að tryggja þá þróun í eftirfarandi skrefum:

- Mars 2020: Ný aðgerðaáætlun um innleiðingu hringrásarhagkerfisins, þar með talið stefna um sjálfbærari vörur
- Mars 2020: Iðnaðarstefna ESB
- 2020: Löggjöf um rafhlöður og hringrásarhagkerfi
- Leiðir til kolefnishlutlausrar stálframleiðslu árið 2030
- Lagabreytingar er varða úrgangsmál

Markmið ráðstafana ESB verður m.a. að hvetja atvinnulífið til að nýta tækifæri hringrásarhagkerfisins innanlands og á heimsvísu og örva þróun nýrra markaða fyrir loftslagshlutlausar vörur sem uppfylla kröfur hringrásarhagkerfisins. Ný viðskiptamódel sem byggjast á því að leiga eða deiling á vörum og þjónustu muni hjálpa til við að breyta neyslumynstri.

Framkvæmdastjórnin mun kynna stefnu um „sjálfbæra vöru“ sem mun forgangsraðað þannig að fyrst og fremst sé dregið úr og endurnotað en síðan endurunnið. Settar verða lágmarkskröfur til að koma í veg fyrir að umhverfisskaðlegar vörur séu settar á markað ESB. Horft er sérstaklega til orkufreks iðnaðar eins og stáls og sements. Viðleitni framkvæmdarstjórnarinnar mun fyrst og fremst beinast að geirum sem nota mikið af auðlindum eins og t.d. textíl, byggingarefni, rafeindabúnaði og plasti. Framkvæmdastjórnin mun jafnframt kanna ávinning neytenda af „endurheimtu“ kerfum (e. take back schemes). Þetta mun hvetja fólk til að koma tækjum sínum aftur til verslana eða framleiðenda, t.d. farsímum, spjaldtölvum eða hleðslutækjum, til endurnýtingar eða endurvinnslu. Tekist verður á við rangar grænar fullyrðingar, svokallaðan grænþvott (þ.e. að fyrirtæki sem bjóða fram grænar lausnir þurfi að styðjast við viðurkennd viðmið).

Innleiðing markmiða hringrásarhagkerfisins mun hafa mikil áhrif fyrir sveitarfélög þar sem þau eru að undirbúa og hrinda í framkvæmd fjölmörgum þeim stefnum sem Græni samningurinn tekur til. Þau hafa þegar skuldbundið sig til að takast á við metnaðarfull markmið á sveitarstjórnarstigi svo sem með þátttöku



í Covenant of Mayors. Horfa þarf til sveitarfélaga sem samstarfsaðila í innleiðingu Græna samningsins og hringrásarhagkerfisins og tryggja að þau hafi yfir að ráða traustri fjárhagslegri getu til að takast á við Græna samninginn.

3. Loftslagsmál og sveitarfélög

Almennt

Parísarsamningurinn byggir að stærstu leyti á sameiginlegri ábyrgð aðildarríkjanna á að halda hlýnun af mannavöldum innan 2°C og eins nálægt 1.5°C og mögulegt er. Alþingi fullgilti samninginn og fól ríkisstjórn framfylgd hans. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld, bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi, geti sýnt fram á góðan árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Parísarsamningurinn leggur sérstaka áherslu á aðra gerendur en ríkisvaldið svo sem sveitarfélög, atvinnulífið og frjáls félagasamtök og mikilvægi þeirra við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Loftslagsmál hafa verið á borði sveitarfélaga í sífellt ríkara mæli undanfarin ár. Reykjavíkurborg reið á

vaðið 2009 og samþykkti loftslagsstefnu og 2017 um að verða kolefnishlutlaust samfélag árið 2040. Akureyrarkaupstaður hefur samþykkt að verða kolefnishlutlaust samfélag árið 2030. Bæði þessi sveitarfélög eru þátttakendur á vettvangi Covenant of Mayors. Landvernd hefur einnig unnið með nokkrum sveitarfélögum að loftslagsmálum, m.a. Hornafirði og Fljótsdalshéraði en ekki hefur fengist fjármagn til að halda áfram með það verkefni.

Eftir lagabreytingar sem tóku gildi í júní á Samband íslenskra sveitarfélaga tvo fulltrúa í loftslagsráði. Þar sitja f.h. sambandsins Hrönn Hrafnadóttir frá Reykjavíkurborg og Ragnar Frank Kristjánsson frá Borgarbyggð. Einnig hefur sambandið fengið fulltrúa í verkefnisstjórn um gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Fulltrúi sambandsins er Eygerður Margrétardóttir. Mikilvægt er að sveitarstjórnarstiginu hefur með þessum hætti verið tryggður þátttökuréttur í stefnumótun um loftslagsmál og funda fulltrúar sambandsins í þessu starfi reglulega til að tryggja gott upplýsingastreymi og samhæfingu.





Eygerður Margrétardóttir,
verkefnisstjóri umhverfis- og
úrgangsmála hjá Sambandi
Íslenskra sveitarfélaga

Samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmiðin

Í þeim tilgangi að koma loftslagsmálum betur inn í umræðuna á sveitarstjórnarstigi hér á landi stóð sambandið fyrir málþinginu Sveitarfélög og loftslagsmál 28. mars 2019. Málþingið var ágætlega sótt og hjálpaði eflaust til að á sama tíma var sýnd í Ríkissjónvarpinu þáttaröðin *Hvað höfum við gert?*, þar sem sjónum var beint að loftslagsmálum. Í febrúar stóð sambandið einnig fyrir málþingi um Heimsmarkmið og sveitarfélögin, sem var einnig mjög fjölsótt. Augljós lærdómur af þessum viðburðum var að mikill áhugi væri á þessum málefnum meðal sveitarstjórnarmanna og að sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og sjálfbærrar þróunar.

Til að fylgja eftir þessum viðburðum ákvað stjórn sambandsins að boða til stofnfundar Samstarfsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þann 19. júní 2019.² Samstarfsvettvangnum er ætlað að efla og styrkja sveitarfélögin til samstöðu og samtals um þessa málaflokka með því að:

1. Miðla þekkingu og reynslu til og á milli sveitarfélaga.
2. Greina og grípa tækifæri til samstarfs
3. Kanna tækifæri til sameiginlegrar þróunar á aðferðum til að mæla árangur.
4. Leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni.
5. Leita leiða til að greiða fyrir aðgengi sveitarfélaga að fjármagni.
6. Tryggja aðkomu sveitarfélaga að setningu, framfylgd og framþróun reglna og áætlana á þessu sviði.

2. <https://www.samband.is/media/uncategorized/Drog-ad-yfirlýsingu-stofnfundar.pdf>



Fulltrúar um 40 sveitarfélaga sátu stofnfundinn. Á fimmta tug sveitarfélaga hafa þegar skuldbundið sig til að taka þátt í samstarfinu og tekið undir yfirlýsingu þess efnis sem send var til allra sveitarfélaga. Fulltrúum sveitarfélaga býðst að taka þátt í reglulegum tengiliðafundum og innra starfi vettvangsins. Samstarfsvettvangurinn mun halda utan um málstofur og ráðstefnur tengdum loftslagsmálum og innleiðingu heimsmarkmiðana á sveitarfélagastigi. Sveitarfélög geta m.a. skráð sín markmið um sjálfbæra þróun og aðgerðir tengdum heimsmarkmiðunum á vef sem forsætisráðuneytið heldur úti um Heimsmarkmiðin og það hafa þó nokkur sveitarfélög þegar gert.

Starfsemi samstarfsvettvangsins

Haldnir voru tveir tengiliðafundir í haust. Báðir þessir viðburðir sambandsins voru vel sóttir og yfir fimmtíu þátttakendur tóku þátt í hvort sinn. Boðið var upp á þátttöku í gegnum fjarfundabúnað og nýtti um fimmtungur þátttakenda sér þann kost. Sá fyrri bar heitið *Heimsmarkmiðin frá sjónarhorni sveitarfélaga* og var haldinn 13. september í Kópavogi. Á þeim fundi voru stofnaðir tveir vinnuhópar, annar um vinnu sveitarfélaga að loftslagsmálum og hinn um innleiðingu heimsmarkmiðana á sveitarstjórnarstigi. Vinnuhópurinn um loftslagsmál hefur að undanförunni verið að skoða möguleika á sameiginlegri þróun sveitarfélaganna á gerð loftslagsstefnu.

Loftslagsáætlanir frá sjónarhorni sveitarfélaga var heitið á síðari tengiliðafundinum sem haldinn var þann 22. nóvember í Garðabæ. Þar voru m.a. kynntar breytingar á lögum um loftslagsmál þar sem sveitarfélögum var gert skylt að móta loftslagsstefnu, fyrir lok ársins 2021. Setja skal fram skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfsemi sveitarfélaga, ásamt aðgerðum svo þeim markmiðum verði náð.



Umhverfisstofnun er gert að styðja sveitarfélögin við þessa vinnu og hafa eftirlit með henni. Í framhaldi af tengiliðafundinum hafa fulltrúar sambandsins og Umhverfisstofnunar fundað um hvernig hægt verði að haga samstarfi um gerð leiðbeininga til sveitarfélaga um þetta málefni.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga og virkjun almenninga og fyrirtækja til þátttöku í úrlausnum er lykilatriði til að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem munu verða og hafa orðið vegna loftslagsbreytinga. Væntir sambandið þess að með stofnun samstarfsvettvangs sveitarfélaga skapist grundvöllur til markvissari og kraftmeiri þátttöku sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Loftslagsbókhald og árangursmælikvarðar

Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að geta metið hvort áætlanir og stefnumörkun hafi skilað tilætluðum árangri. Hvort sem ætlunin er að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eða að uppfylla Parísarsamninginn og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrir séðar eru vegna loftslagsbreytinga.

Loftslagsbókhald sveitarfélaga er forsenda þess að sveitarfélög geti skoðað hverjar helstu losunaruppsprettur gróðurhúsalofttegunda eru og einbeitt sér að þeim stærstu. Einnig geta þau fylgst með árangri þeirra aðgerða sem þau ráðast í. Loftslagsbókhald er forsenda þess að sveitarfélög geti útbúið markvissar loftslagsáætlanir. Samstarfsvettvangnum er meðal annars ætlað að aðstoða við gerð loftslagsáætlana sveitarfélaga og hefur í upphafi verið lögð mikil áhersla á að eiga viðræður við Umhverfisstofnun, Festu, Landvernd og fleiri aðila um hvernig hægt verði að ná utan um loftslagsbókhald á ódýran og skilvirkan hátt.

4. Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Sambandið og verkefnisstjórn um Heimsmarkmið SP hélt málþing 15. febrúar um innleiðingu sveitarfélaga á heimsmarkmiðunum, þau sóknarfæri sem þau fela í sér fyrir sveitarfélög og það lykilhlutverk sem sveitarfélög gegna við innleiðingu heimsmarkmiðanna

á Íslandi. Þá var einnig sagt frá vinnu ýmiss konar samstarfsverkefna sem sveitarfélög eiga aðild að og snýr að heimsmarkmiðunum. Í kjölfar stofnunar Samstarfsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið hefur verið unnin tillaga að samstarfsverkefni sem fengið hefur nafnið *Heimsmarkmið í heimabyggð*. Forsenda þess að verkefnið komist á rekspöl er að fjármögnun fái stöð og er nú beðið svara frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og forsætisráðuneyti.

Nánari upplýsingar um þetta verkefni eru á vefsíðu sambandsins.³

5. Önnur verkefni

Verkefnisstjóri sambandsins um umhverfis- og úrgangsmál hefur átt aðkomu að fjölmörgum öðrum verkefnum á árinu. Má þar sérstaklega nefna vinnu við gerð stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð, sem stjórn sambandsins samþykkti í lok árs. Einnig veitti sérfræðingurinn ráðgjöf við mótun útgáfu grænna skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga.

Verkefnisstjóri sambandsins og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs tóku þátt í vinnu við mótun stefnu í ferðaþjónustu, sem miðar að því að ferðaþjónusta geti þróast áfram í átt að aukinni sjálfbærni.

Verkefnisstjóri sambandsins kom að vinnslu fjölmargra annarra verkefna, m.a. umsagna um þingmál. Sem dæmi má nefna umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál; umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar, 86. mál; umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna kolefnisjöfnunar), 27. mál; umsögn um drög að frv. um br. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. 243/2019 og drög að leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar um meðhöndlun úrgangs á byggingarsvæðum.

Ýmis önnur verkefni væri hægt að nefna en hér þykir rétt að láta staðar numið í upptalningu verkefna á árinu 2019.

3. <https://www.samband.is/verkefni/stjornsysla-sveitarfelaga/heimsmarkmidin/>





Fyrsta skýrsla til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, febrúar 2020